

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS NR. 1934/2000/EB 2001/EES/57/04

frá 17. júlí 2000

um ár tungumálanna 2001 í Evrópu(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
149. og 150. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt inngangsorðum sáttmálans hafa aðildarríkin „einsett sér að stuðla að því að þjóðir þeirra afli sér mestu mögulegrar þekkingar með greiðum aðgangi að menntun og stöðugri endurnýjun menntunar“.
- 2) Samkvæmt 18. gr. sáttmálans hafa allir borgarar Evrópusambandsins rétt til „frjálsra flutninga og frjálsrar búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna“. Kunnáttu í erlendum tungumálum er mikilvægur liður í því að geta í raun nýtt sér þann rétt til fullnustu.
- 3) Samkvæmt 151. gr. sáttmálans skal bandalagið stuðla að eflingu menningarlífs í aðildarríkjunum, jafnframt því að virða margbreytileika hinna ýmsu landa og svæða, og taka tillit til menningarþátta þegar farið er að öðrum ákvæðum sáttmálans. Þeir þættir menningarinnar sem lúta að tungumálum eru einkar mikilvægir.
- 4) Öll evrópsku tungumálin eru í sínu talaða og ritaða formi jafngild og jafngöfug í menningarlegu tilliti og þau eru óaðskiljanlegur hluti af evrópskri menntun og menningu.

- 5) Tungumálaþátturinn er ögrandi viðfangsefni sem ber að skoða sem lið í samrunanum í Evrópu og ár tungumálanna kann því að verða afar lærdómsríkt þegar litið er til þess hvernig þróa skuli ráðstafanir sem stuðla að menningarlegri og málfarslegri fjölbreytni.
- 6) Í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið kemur fram að sambandið skuli virða grundvallarréttindi, sem eru tryggð með Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
- 7) Aðgangur að ríkulegum bókmenntaerfi, á þeim tungumálum sem verkin voru upphaflega samin, stuðlaði að gagnkvæmum skilningi og gæfi hugtakinu evrópskur ríkisborgari áþreifanlega merkingu.
- 8) Tungumálanám er mikilvægt vegna þess að það eykur meðvitund um menningarlega fjölbreytni og stuðlar að því að útrýma útlendingahatri, kynþáttafordómum, gyðingahatri og skorti á umburðarlyndi.
- 9) Fyrir utan mannlega, menningarlega og stjórnmálalega kosti felur tungumálanám í sér umtalsverðan efnahagslegan ávinning.
- 10) Að hafa vald á eigin móðurmáli og þekkingu á klassísku tungumálunum, einkum latínu og grísku, getur auðveldað nám í öðrum tungumálum.
- 11) Miklu skiptir að auka meðvitund ákvarðanatökuaðila, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum, um mikilvægi þess að hafa greiðan aðgang að tungumálanámi.
- 12) Í niðurstöðum ráðsins frá 12. júní 1995 um fjölbreytni tungumála og fjölyngi í Evrópusambandinu er lögð áhersla á að varðveita fjölbreytni tungumála og stuðla að fjölyngi í sambandinu, öllum tungumálum sambandsins skuli skipaður jafnhár sess og tilhlýðilegt tillit tekið til dreifræðisreglunnar. Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2493/95EB⁽⁵⁾ frá 23. október 1995, en með henni var árið 1996 gert að Evrópuári símenntunar, er lögð áhersla á að símenntun eykur hæfni alla mannsævina, þar með talið í tungumálum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 232, 14.9.2000, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2000 frá 22. desember 2000 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 9, 22.2.2001, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 56 E, 29.2.2000, bls. 62.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 51, 23.2.2000, bls. 53.

⁽³⁾ Álit var skilað 17. febrúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 8. júní 2000.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 256, 26.10.1995, bls. 45.

- 13) Með hvítbókinni frá 1995, „Menntun, starfsþjálfun, rannsóknir: Kennsla og nám: leiðin til þekkingar-samfélagsins“, setur framkvæmdastjórnin fram sem fjórða markmið að allir öðlist færni í þremur tungumálum bandalagsins. Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar frá 1996, „Menntun, starfsþjálfun, rannsóknir: hindranir á hreyfanleika milli landa“, er sett fram sú niðurstaða að borgarar Evrópusambandsins þurfi að læra að minnsta kosti tvö tungumál bandalagsins til að geta nýtt sér þau atvinnutækifæri og notið þess persónulega ávinnings sem þeir eiga kost á með einum óskiptum markaði“.
- 14) Samkvæmt ályktun ráðsins frá 31. mars 1995 um að bæta og auka fjölbreytni í tungumálanámi og -kennslu í menntakerfum Evrópusambandsins⁽¹⁾ skulu nemendur á skólaskylduallri allajafna eiga þess kost að læra tvö tungumál Evrópusambandsins, fyrir utan sitt eigið móðurmál, í að minnsta kosti tvö ár samfleytt og lengur ef þess er kostur.
- 15) Ráðstafanir samkvæmt Lingua-áætluninni, sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 89/489/EBE⁽²⁾, voru eflidar og að hluta til teknar upp sem þverlægar ráðstafanir í Sókrates-áætluninni, sem var samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 819/95/EB⁽³⁾. Þessar ráðstafanir hafa stuðlað að aukinni tungumálaþekkingu í Evrópusambandinu og þar með að auknum skilningi og samstöðu meðal þjóða Evrópusambandsins. Evrópuþingið og ráðið leggja til, í ákvörðun sinni nr. 253/2000/EB⁽⁴⁾, að þessar ráðstafanir verði þróaðar og eflidar í öðrum áfanga Sókrates-áætlunarinnar.
- 16) Leonardo da Vinci-áætlunin, sem var samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 94/819/EB⁽⁵⁾, hefur á grundvelli árangurs sem náðst hefur með Lingua-áætluninni stutt starfsemi sem miðar að því að efla tungumálakunnáttu sem hluta af ráðstöfunum vegna starfsþjálfunar. Þessi stuðningur verður aukinn og efldur í öðrum áfanga Leonardo da Vinci-áætlunarinnar, sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 1999/382/EB⁽⁶⁾.
- 17) Áætlunin Menning 2000, sem var samþykkt með ákvörðun 508/2000/EB⁽⁷⁾, stuðlar einnig að því að auka gagnkvæman skilning á menningarstarfi Evrópu-búa, einkum með áherslu á menningarlega fjölbreytni og fjöltýngi.
- 18) Ráðið efndi til áætlunar til margra ára, með ákvörðun 96/664/EB⁽⁸⁾, til að efla fjölbreytni í tungumálum bandalagsins í upplýsingasamfélaginu.
- 19) Í skýrslu nefndar háttsettra embættismanna um frjálsa fólksflutninga, sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina 18. mars 1997, kemur fram það viðhorf „að fjölbreytni evrópska tungumála sé . . . fjársjóður sem standa beri vörð um“ og sett er fram tillaga um ráðstafanir til að efla tungumálakennslu og notkun tungumála í bandalaginu.
- 20) Í samræmi við dreifraðisregluna, sem er skilgreind í 5. gr. sáttmálans, geta aðildarríkin ekki náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar svo vel sé, meðal annars vegna þess að þörf er á samfelldri upplýsinga-herferð í öllu bandalaginu til að koma í veg fyrir tvíverknað og til að ná fram kostum stórrekstrar. Fjölpjódlegi þátturinn í aðgerðum og ráðstöfunum bandalagsins gerir það að verkum að auðveldara er fyrir bandalagið að ná þessum markmiðum. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.
- 21) Samt sem áður skiptir einnig miklu að náíð samstarf og samræming ríki milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til þess að hægt sé að styðja við ráðstafanir á evrópskum vettvangi með afmörkuðum staðbundnum, svæðisbundnum og innlendum ráðstöfunum sem henta betur tilteknum markhópum og aðstæðum og efla þannig menningarlega fjölbreytni.
- 22) Miklu skiptir að byggja upp víðeigandi samstarf Evrópubandalagsins og Evrópuráðsins til að tryggja samræmi milli ráðstafana á vettvangi bandalagsins og ráðstafana Evrópuráðsins og er sérstaklega kveðið á um slíkt samstarf í 149. gr. sáttmálans.
- 23) Miklu skiptir að starfsemi árs tungumálanna í Evrópu fari fram í ljósi undirbúnings stækkunar sambandsins.
- 24) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma, sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽⁹⁾ frá 6. maí 1999.
- 25) Í sameiginlegri yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁰⁾ frá 4. maí 1999 er gerð grein fyrir fyrirkomulagi á framkvæmd sameiginlegrar ákvörðunartöku, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans.
- 26) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹¹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 207, 12.8.1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 239, 16.8.1989, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 87, 20.4.1995, bls. 10. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 576/98/EB (Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 1.

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins 94/819/EB frá 6. desember 1994 um að koma á fót aðgerðaáætlun til framkvæmdar starfsþjálfunarstefnu Evrópubandalagsins (Stjtið. EB L 340, 29.12.1994, bls. 8).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 146, 11.6.1999, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 63, 10.3.2000, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 306, 28.11.1996, bls. 40.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB C 148, 28.5.1999, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Efnt til árs tungumálanna í Evrópu

1. Árið 2001 skal vera „ár tungumálanna í Evrópu“.
2. Á ári tungumála í Evrópu verður efnt til upplýsinga-herferða og kynningarátaks um tungumál með það fyrir augum að hvetja alla einstaklinga, sem hafa búsetu í aðildarríkjunum, til þess að læra tungumál. Þessar ráðstafanir munu ná til opinberra tungumála bandalagsins, ásamt írsku, letzebúrgísku og öðrum tungumálum sem aðildarríkin tilgreina að því er varðar framkvæmd þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Markmið

Markmiðin með ári tungumálanna í Evrópu eru:

- a) að efla vitundina um hve fjölbreytnin í tungumálum og menningu Evrópusambandsins er dýrmæt og um það samfélagslega og menningarlega gildi sem í þessu er fólgið, samtímis því að virða þá meginreglu að öll tungumál séu jafngild og jafngöfug í menningarlegu tilliti;
- b) að stuðla að fjöltyngi;
- c) að beina sjónum eins margra og unnt er að kostum þess að hafa vald á nokkrum tungumálum og að slíkt sé meginþáttur í persónulegum og faglegum þroska einstaklinga (meðal annars með tilliti til fyrstu starfs-umsóknar), að öðlast skilning á annarri menningu, að nýta til fullnustu þau réttindi sem fylgja því að vera ríkisborgari í Evrópusambandinu og að efla afkomu- möguleika og félagslega möguleika fyrirtækja og samfélagsins í heild. Markhópurinn skal meðal annars taka til: nemenda og háskólanema, foreldra, launþega, þeirra sem eru í atvinnuleit, þeirra sem tala tiltekin tungumál, íbúa landamæra- og jaðarsvæða, menningar- stofnana, samfélagshópa sem eru illa settir, farandverkamanna o.s.frv.;
- d) að hvetja alla, sem hafa búsetu í aðildarríkjunum, án tillits til aldurs, uppruna, félagslegra aðstæðna eða fyrri reynslu eða árangurs þeirra á menntabrautinni, til ævilangs náms í tungumálum og öðrum skyldum greinum, ef til vill frá forskóla- og grunnskólaaldri, með tilliti til þess að nota tungumál í sérstökum tilgangi, einkum faglegum;
- e) að safna og dreifa upplýsingum um tungumálakennslu og tungumálanám og um fagkunnáttu, aðferðir (einkum nýjar aðferðir) og tæki sem hægt er að styðjast við í kennslu og námi og/eða sem geta auðveldað samskipti þeirra sem tala ólík tungumál, að meðtöldum aðferðum og tækjum sem hafa þróast innan ramma annarra ráðstafana og framtaksverkefna bandalagsins.

3. gr.

Helstu aðgerðasvið

Í aðgerðum sem eru hugsðar til þess að ná þeim markmiðum sem um getur í 2. gr. felst einkum:

- notkun sameiginlegs kennimerkis og sameiginlegra slagorða í samstarfi við Evrópuráðið, í samræmi við ákvæði 10. gr.;
- upplýsingaferð í öllu bandalaginu,
- skipulagning fundna, keppna, verðlaunaveitinga og annarrar starfsemi;

Þessum aðgerðum er lýst í einstökum atriðum í viðaukanum.

4. gr.

Framkvæmd ákvörðunarinnar og samstarf við aðildarríkin

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að ráðstafanir bandalagsins, sem falla undir þessa ákvörðun, séu framkvæmdar.
2. Hvert aðildarríki skal fela einni eða fleiri viðeigandi stofnunum að skipuleggja þátttöku þess í ári tungumálanna í Evrópu og fela henni jafnframt ábyrgð á innlendum vettvangi á samræmingu og framkvæmd ráðstafana, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, þar með talið að vera til aðstoðar við valið sem lýst er í 7. gr.

5. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

6. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Heimilt er að fjármagna ráðstafanirnar sem lýst er í I-hluta þáttar A í viðaukanum um allt að 100% af fjárlögum Evrópusambandsins.
2. Heimilt er að fjármagna sameiginlega þær ráðstafanir sem lýst er í I-hluta þáttar B í viðaukanum um allt að 50% af heildarkostnaði hið mesta.

7. gr.

Málsmeðferð við umsóknir og val

1. Umsóknir um fjármögnun ráðstafana af fjárlögum Evrópusambandsins, samkvæmt 2. mgr. 6. gr., skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina með milligöngu stofnunarinnar eða stofnananna sem eru tilnefndar samkvæmt í 2. mgr. 4. gr. Umsóknirnar skulu innihalda upplýsingar sem gera kleift að meta niðurstöðurnar á grundvelli hlutlægra viðmiðana. Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til mats hlutaðeigandi stofnana.

2. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir um fjármögnun og sameiginlega fjármögnun ráðstafana samkvæmt 6. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Framkvæmdastjórnin skal tryggja jafna dreifingu milli aðildarríkjanna, milli tungumálanna sem um getur í 1. gr. og viðkomandi sviða starfseminnar eftir því sem við á .

3. Framkvæmdastjórnin skal (einkum fyrir tilstilli lands- og svæðisskrifstofa), í samstarfi við aðilana sem um getur í 2. mgr. 4. gr., tryggja að beiðnir um tillögur séu birtar í tæka tíð og sem víðast.

8. gr.

Samhengi

Framkvæmdastjórnin skal tryggja í samstarfi við aðildarríkin:

- samræmi milli ráðstafana sem kveðið er á um í þessari ákvörðun og annarra ráðstafana og framtaksverkefna bandalagsins, einkum á sviði menntunar, þjálfunar og menningar,
- að ár tungumálanna í Evrópu, önnur framtaksverkefni bandalagsins, innlend og svæðisbundin framtaksverkefni og fjármagn myndi til samans hagstæðustu heild, þar sem þau geta stuðlað að því að markmiðum ár tungumálanna í Evrópu verði náð.

9. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2001, er 8 milljón evrur.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitinga- valdsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

10. gr.

Alþjóðlegt samstarf

Framkvæmdastjórninni er heimilt, innan ramma árs tungumálanna í Evrópu og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 5. gr., að eiga samstarf við alþjóðastofnanir. Einkum skal koma á nánu samstarfi og samræmingu, auk sameiginlegra framtaksverkefna, við Evrópuráðið í því skyni að styrkja böndin milli þjóða Evrópu.

11. gr.

Eftirlit og mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2002, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina nákvæma skýrslu með hlutlægum upplýsingum um framkvæmd, niðurstöður og heildarmat allra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

12. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessa skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún öðlast gildi daginn sem hún er birt.

Gjört í Brussel 17. júlí 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GLAVANY

forseti.

VIÐAUKI

I. Ráðstafanir sem um getur í 3. gr.

A. Ráðstafanir sem heimilt er að fjármagna af fjárlögum Evrópusambandsins um allt að 100% (leiðbeinandi úthlutun vegna þessara ráðstafana skal vera 40% af heildarfjárframlagi og getur framkvæmdastjórnin leiðrétt þann hundraðshluta í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr.)

1. Fundir og viðburðir:

- a) skipulagning funda á vettvangi bandalagsins svo og viðburða í þeim tilgangi að auka vitund um fjölbreytni tungumála, þar með taldir viðburðir sem marka upphaf og lok ársins;
- b) skipulagning kynninga, einnar eða fleiri, á ári tungumálanna í Evrópu sem eiga að ná til mikils fjölda manna úr ólíkum þjóðfélagsþópum.

2. Upplýsingaherferðir og kynningarátak:

- a) mótun kennimerkis og slagorða fyrir ár tungumálanna í Evrópu til að nota í allri starfsemi sem tengist árinu;
- b) upplýsingaherferð sem nær til alls bandalagsins, meðal annars að meðtöldu gagnvirku vefsetri og dreifingu upplýsinga um verkefni (að meðtöldum þeim sem um getur í þætti C);
- c) samning upplýsingaefnis til þess að nota alls staðar í bandalaginu, sem samfélagsþegnar illa settir félagslega hafa einnig aðgang að, í því skyni að auka vitund almennings um skilvirkar kennslu- og námsaðferðir og um forsendurnar fyrir góðum árangri í tungumálanámi;
- d) skipulagning keppni á evrópskum vettvangi þar sem lögð er áhersla á árangur og reynslu af viðfangs-efnum árs tungumálsins í Evrópu.

3. Aðrar ráðstafanir:

Kannanir og rannsóknir sem fara fram í öllu bandalaginu, meðal annars með tilliti til þess:

- að öðlast betri yfirsýn yfir ástandið í Evrópu með tilliti til tungumála (að meðtöldu tákn máli og klassísku tungumálunum), notkunar þeirra (að meðtöldum vísindarannsóknum og rannsóknum á háskólastigi), tungumálakennslu og –náms og þess að öðlast færni í skyldum greinum; eftir því sem unnt er varðar þetta öll tungumál sem um getur í 1. gr.,
- að öðlast betri yfirsýn yfir væntingar ólíkra markhópa (að meðtöldum þeim sem búa á svæðum þar sem tvítýngi er við lýði) með tilliti til tungumálanáms og þess hvernig bandalagið getur uppfyllt þær væntingar,
- að láta fara fram matsrannsóknir er lúta að skilvirkni árs tungumálanna í Evrópu og þeim áhrifum sem það hefur, með því að rannsaka bestu framkvæmd á sviði tungumálakennslu og –náms og dreifa niðurstöðunum í öllu bandalaginu.

B. Ráðstafanir sem heimilt er að fjármagna sameiginlega af fjárlögum Evrópusambandsins (leiðbeinandi úthlutun vegna þessara ráðstafana skal vera 60% af heildarfjárframlagi og getur framkvæmdastjórnin leiðrétt þann hundraðshluta í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr.)

Ráðstafanir á staðbundnum, svæðisbundnum, innlendum eða alþjóðlegum vettvangi er hægt að fjármagna af fjárlögum Evrópusambandsins um allt að 50% af kostnaði hið mesta, allt eftir aðgerðum og aðstæðum. Þær geta meðal annars náð yfir:

1. Viðburði sem tengjast markmiðum árs tungumálanna í Evrópu.
2. Ráðstafanir á sviði upplýsingar og til að miðla dæmum um góða framkvæmd aðrar en þær sem lýst er í þætti A.
3. Skipulagningu verðlaunaveitinga og keppna.
4. Aðrar kannanir og rannsóknir en um getur í þætti A.
5. Aðrar ráðstafanir til eflingar tungumálakennslu og tungumálanámi, að því tilskildu að þær séu ekki styrk-hæfar samkvæmt öðrum áætlunum og framtaksverkefnum bandalagsins.

C. Ráðstafanir sem ekki eru fjármagnaðar af fjárlögum Evrópusambandsins

Bandalagið veitir framtaksverkefnum opinberra eða einkarekinna stofnana siðferðilegan stuðning, þar með talda skriflega heimild til að nota kennimerkið og annað efni tengt ári tungumálanna í Evrópu, svo framarlega sem þessar stofnanir geta sýnt framkvæmdastjórninni fram á það með fullnægjandi hætti að þessi framtaksverkefni séu eða verði unnin á árinu 2001 og hægt sé að gera ráð fyrir að þau séu mikilvægt framlag til að ná einu eða fleiri markmiðum Evrópuársins.

II. Tæknileg aðstoð

Framkvæmdastjórninni er heimilt, meðan á aðgerðinni stendur, að nýta sér utanaðkomandi tækniástoð sem hægt er að fjármagna innan heildarfjárhagsramma áætlunarinnar. Henni er heimilt, með sömu skilyrðum, að leita eftir sérfræðiaðstoð. Framkvæmdastjórnin skal leita álits nefndarinnar, sem um getur í 5. gr., á fjárhagslegum afleiðingum aðstoðarinnar.